

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Miðneshrepps, Gerðarhrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

14. júlí 1992

GJALDSKRÁ

Nr. 283

fyrir tannréttingar.

1. gr.

Endurgreiðslur sjúkratrygginga á kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari, þegar um er að ræða:

- 1) Tannréttingar í samræmi við bráðbirgðaákvæði IV. laga nr. 1/1992.
- 2) Tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma sbr. reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Gjaldliðir og fjárhæðir:

T, tímagjald, er kr. 1 115 og reiknast fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur.

Verkstæðiskostnaður innifalinn í verði.

<i>Skoðun og greining</i>	Kr.
001 Viðtal	T
002 Bráðahjálp	T
003 Skoðun (greining, skráning)	T
004 Áfangaeftirlit	T
005 Lyfseðill, vottorð, tilvísun	445
006 Læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)	890
007 Meðferðaráætlun, kostnaðaráætlun, mat, greinargerð og álitserð	T
 <i>Röntgen</i>	
010 Upphafsmýnd tekin á smáfilmu	835
011 Viðbótarmýnd í sömu heimsókn	510
012 Bitewing, hver mynd	835
013 Heildarröntgen, fullorðinn	6 125
014 Heildarröntgen, barn	3 120
015 Occlusalmynd	1 290
016 Kjálkaliðsmýnd	2 005
017 Profilmýnd	1 560
018 Orthopantomogram	1 740
019 Handarröntgenmynd	1 285
020 Eftirmýnd v/010-012	365
021 Eftirmýnd v/015-019	790
022 Tvímýnd v/010-012	180
023 Tvímýnd v/015-019	395
024 Ljósmynd	185

025	Vinumodel: Tekið mát per góm	1 115
026	Bitgreining (bitanálýsa): bit skráð við klíniska skoðun og/eða via model	T

Tannfræðsla

101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	T
-----	-----------------------------	---

Tannhreinsun

104	Tannhreinsun, sýkla (lituð) og/eða tannsteinn fjarlægður (scaling)	T
-----	--	---

Tannspelka

250	Tannspelka (space maintainer)	2 230
-----	-------------------------------	-------

Greining

811	Módel (Bitmódel, slípað í bit)	4 445
812	Módelgreining	3 935
813	Greining vangamyndar/greining andlitsmyndar (profilgreining)	5 015
814	Vaxtargreining	5 725

Meðferð – föst tæki

815	Gleikkun (separation)	1 085
820	Stálband á framjaxl, augntönn eða framtönn	1 775
821	Jaxlaband	2 535
825	Spor	2 135
826	Viðbótarspor	1 680
827	Hnappur, kló, krókur, auga	1 680
828	Rör/lokaspor	2 135
829	Postulínsæting	1 085
830	Bogi (labial)	2 995
831	Eðalbogi	3 555
832	Kantbogi	4 335
833	Eðalkantbogi	5 225
834	Lykkja	485
835	Spunninn bogi	2 995
836	Utanbogi	3 470
837	Innanbogi	4 540
838	Vararbogi	5 135
839	Skambogi	2 170
840	Hálsbeisli	4 140
841	Hnakkabeisli með spora	4 270
842	Hvirfilbeisli	4 700
843	Framtogsbeisli	8 885
844	Öryggislásar á beisli	1 775
845	Hökukappi	5 250
850	Teygjukeðja	895
851	Vírhnýti, hvor bogi	895
852	Teygjuhnýti, hvor bogi	485
853	Gormur	475
854	Bogakrókur	485
855	Fjöður	1 080
856	Rennibogi	1 545
857	Fleygur	475

Meðferð, laus tæki

861	Gómplata	6 930
862	Plötukrókur	710
863	Klemma	1 135
864	Plötubogi	1 945
865	Undirbitsbogi	2 105

866	Plötufjöldur	1 385
867	Þanskúrfa	2 440
868	Blokk	19 215

Aðlögun – viðgerðir

871	Bogahitun	495
872	Bogastilling	2 135
873	Aðlögun á beisli/plötu	1 945
874	Viðgerð á plötu með plasti	2 065
875	Lóðning	1 190
876	Rafhreinsun	715
877	Endurlíming	T
878	Hreinsun á lími	T
879	Breyting eða lagfæring á bandi	T

Eftirmeðferð

881	Brottnám fastra tækja, hvor gómur	1 190
882	Stoðbogi	4 930
883	Mjúk blokk	25 665
884	Slípun	T
885	Bitslípun	T
886	Stoðbogi (óbein aðferð)	9 845
887	Skæni	4 930

3. gr.

Reikningar frá sérfræðingum í tannréttingum, mega vera með allt að 20% álagi á liði 001–026, lið 250 og liði 811–887.

4. gr.

Við beitingu á gjaldskrárlíðum skal farið eftir skýringum í fylgiskjali með gjaldskrá þessari. Við skýringu á þeim líðum sem ekki er fjallað um í fylgiskjalinu, ber að fara eftir skýringum sem fylgdu gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992.

5. gr.

Reikningar tannlækna vegna tannlæknaþjónustu, sem gjaldskrá þessi tekur til, skulu gerðir á reikningsformi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir tannlækningar og sundurliðaðir samkvæmt gjaldskrá þessari og fylgiskjali, sbr. 4. gr. Tryggingayfirtannlæknir hefur eftirlit með reikningsgerðinni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 39. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 20. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, svo og ákvæði nr. V til bráðabirgða í lögum nr. 1/1992, og öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Fylgiskjal.**Skýringar við gjaldskrá fyrir tannréttingar.**

Tannlæknum ber að fara eftir skýringum þessum við beitingu gjaldskrár. Við skýringu á þeim líðum sem ekki er fjallað um í skýringum þessum, ber að fara eftir skýringum sem fylgdu gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992 og birtust í B-deild Stjórnartíðinda 13. maí 1992.

Almennt:

Innifalinn efnis- og tannsmíðakostnaður.

- 001–003 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
 005–026 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
 101 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
 104 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
 250 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.

004 *áfangaskoðun (examinatio periodicalis)*

Skráður sjúklingur (sbr. 003) kemur í boðaða skoðun. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferð endurskoðuð, ef þörf er á. Áfangaskoðun er verðlögð samkvæmt tímaeiningunni 004 og felur hún í sér gjaldliði, sem verðlagðir eru á gjaldskrá skv. tímaeiningu (sbr. tannhreinsun). eru þeir ekki aðskildir á greiðslukvittun heldur er samanlagður mínútutími þeirra, heildartími heimsóknarinnar, skráður á kvittunina undir tímaeiningu 004. Hins vegar halda gjaldliðir verðlagðir samkvæmt afkastaeiningu, eins og t.a.m. röntgenmynd, gildi sínu og eru skráðir sem slíkir á greiðslukvittun.

811–814 *skaðun og greining*

811 Gjaldliðurinn (módel, slípað í bit: Afsteypur slípaðar í bit) og gjaldliður 812 (módelgreining: Afsteypur tilskornar, skeyttar og greindar) eru báðir tveir einskorðaðir við 8. fl. þ.e. tannréttingar.

813 Greining vangamyndar/greining andlitsmyndar (profilgreining): greining á skekkju fólgin í mælingu á afstöðu 17 punkta á vangaröntgenmynd.

814 Vaxtargreining, vaxtarbreyting greind við samanburð á vangaröntgenmyndum sem teknar eru með ákveðnu millibili. Beinþroski sjúklings staðfestur með handarröntgen (019).

815–857 *föst tæki*815 *gleikkun (separation)*

Tannbil aukið með fleyg svo að stálböndum verði komið fyrir á tannkrónum. Gjaldliðurinn nær jafnt til þess, hvort gleikkað er í öðrum eða báðum gömum.

820–821 *stálbönd*

Álímd stálbönd á framtennur, augntennur og framjaxla fyrir sama verð; bakjaxlabönd sér á parti.

825–828 *spor*

Tilbúnir tækjapartar með áföstum kengjum, hnöppum, krókum, höldum og hólkum til að líma á inn- og úthliðar tanna svo að þar verði hnýtt, hengt, krækt og rennt í stoð- og kraftapörum hins fasta réttingatækis.

825–826 Spor (bracket (stál/plast)) til að renna í mjúkum, hertum eða spenntum Nikkel-Títanbogum. Fyrsta spor/viðbótarspor.

827 Hnappur, kló, krókur, auga, álímd.

828 Röt/lokspor skapleg ísmeygja fyrir boga.

829 *Postulínsæting*

Umfangsmeyri líming á tanntyllum en ella.

835–844 *lagðir inn- og úthliðarbogar*

Stoðbogar, hertir bogar, spennubogar; sívalir, kantaðir, spunnir.

845–850 *höðfuðbúnaður*

Hnakkabeisli, hvirfilbeisli, framdráttarbeisli; hökukappi; öryggisteygja á beisli.

850–857 *bogahnýti og lausir krafta- og stoðpartar fastra tækja*

Vír- og teygjuhnýti stök og samfelld; kraftagormar og krókar, fjöður, púði til að snúast um og togbönd.

861–868 *laus tæki*

Bitplata með kræktum og klemmdum festingum, bogum og þanskrúfu. Blokk (activator complete).

871–879 *aðlögun – viðgerðir*

Meðferð sem á sér stað við áfangaskoðun; stillingar, viðgerðir og endurnýjun.

881–887 *eftirmeðferð*

Föst tæki fjarlægð; samanbit stillt við slípun tanna. Tennur skorðaðar mekð plötu/stoðboga uns tannvegur er að fullu uppbyggður um réttar tennur.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er taki gildi frá 1. maí 1992.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 454, 27. september 1991:

Orkugjald samkv. taxta D.2.

Í stað:

		m/VSK
Orkugjald	2,78	(3,46) kr/kWh
Kemur:		
Orkugjald okt.–apríl	2,78	(3,46) kr/kWh
Orkugjald maí–sept.	1,39	(1,73) kr/kWh

Annað í taxta D.2 verður óbreytt.

Iðnaðarráðuneytið, 17. júlí 1992.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, 1988–2008, Vatnsendi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er áfangaröð í uppbyggingu athafnasvæða og íbúðasvæðis í landi Vatnsenda.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.

Páll Línald.

Hrafn Hallgrímsson.